

**Samþykktir 31. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
15. – 16. október 2015**

Efnisyfirlit

Strandveiðar.....	3
Makríll.....	3
Byggðakvóti.....	3
Línuívilnun.....	3
Kvóti og úthlutunarreglur - aflaregla.....	4
Grásleppuveiðar	5
Stjórn fiskveiða.....	5
Veiðigjöld og eftirlitskostnaður.....	7
Vigtarmál.....	7
Öryggismál	7
Fiskmarkaðir.....	8
Umhverfi	8
Drangey – smábátafélag Skagafjarðar	9
Grásleppunefnd LS 2015 - 2016	9
Stjórn Landssambands smábátæigenda 2015 - 2016.....	10
Félagslegir skoðunarmenn ársreiknings	10

Strandveiðar

Aðalfundur LS:

- krefst þess að strandveiðar verði efldar á þeim grunni sem strandveiðinefnd LS lagði til á sínum tíma „Strandveiðar til framtíðar“, það er í 4 mánuði, 4 daga í viku, 4 rúllur á bát, 650 þílg. kg í róðri.
- leggur til að eigendaákvæði í strandveiðikerfinu verði fellt út, eftir sem áður megi hver útgerð aðeins eiga einn strandveiðibát.
- leggur til að 50.000 kr gjaldið sem strandveiðibátum er gert að greiða til löndunarhafna falli niður.

Makríl

Aðalfundur LS:

- mótmælir harðlega kvótasetningu á makríl og skorar á stjórnvöld að taka upp fyrra stjórnkerfi við veiðar smábáta á makríl.
- vill að ekki verði kvikað frá kröfunni um 16% hlutdeild smábáta í útgefnum heildarafla á makríl.

Byggðakvóti

Aðalfundur LS vill að byggðakvóti verði nýttur af dagróðrabátum og honum úthlutað við löndun sem ívilnun á kvóta.

Línuívilnun

Aðalfundur LS:

- skorar á stjórnvöld að standa vörð um línuívilnun og hún nái til allra dagróðrabáta.
- leggur til að langa og keila verði settar í línuívilnun, enda nái hún til allra dagróðrabáta.

Kvóti og úthlutunarreglur - aflaregla

Aðalfundur LS:

- vill að þorskvótinn verði aukinn í 270 þúsund tonn.
- vill að aukið verði við aflamark í ýsu strax á þessu fiskveiðiári í 50 þúsund tonn.
- vill að aflamark í steinbít verði strax aukið í 10 þúsund tonn.
- lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf, þ.e. 25% af veiðistofni. Hafrannsóknastofnun á ekki að hafa heimild til að ákveða einhliða aflareglu án umræðu og samráðs við stjórnvöld og atvinnugrein.
- skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að hækka hlutdeild krókabáta í ýsu í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.
- fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuívilnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.
- mótmælir þeirri ákvörðun sjávarútvegsráðherra að framselja vald til ákvörðunar á heildarafla og þar með líf skjörum þjóðarinnar til Hafrannsóknastofnunar. Fundurinn leggur áherslu á að við ákvörðun um heildarafla hvers fiskveiðiárs verði sjávarútvegsráðherra skylt að leita til óháðra aðila er varðar áreiðanleika og áhrif á helstu markaði.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur LS:

- hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
- leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

Greinargerð

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

- hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð og leggur til að útfærð verði ný aðferð við stofnstærðarmælingar á grásleppu í samvinnu við Bio Pol og Hafrannsóknastofnun.
- leggur til að andvirði grásleppuafla sem veiddur er eftir að úthlutuðum veiðidögum hvers báts lýkur renni í ríkissjóð og myndi ekki viðmiðun til byggðakvóta.
- leggur til að heimildir til rannsóknaveiða á grásleppu verði boðnar út.
- vill að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

Stjórn fiskveiða

Aðalfundur LS:

- leggur til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er varða 50% veiðiskyldu.

Greinargerð

Ótækt er að engar undanþágur skuli vera hægt að veita vegna óviðráðanlegra aðstæðna t.d. ef bátur verður frá veiðum á síðari hluta árs. Brýnt er að rýmka ákvæði um undanþágu t.d. að skoðunarstofu verði heimilt að meta eðli bilana og hvaða áhrif hún hefur á veiðar viðkomandi.

- hafnar alfarið öllum hugmyndum um sameiningu veiðikerfa.

- vill að öllum bátum með gilt veiðileyfi verði gert kleift að flytja aflamark milli kvótaáramóta, að hámarki 5 tonn í þorski, ýsu og ufsa og 1 tonni í öðrum tegundum. Einungis verði leyft að veiða það aflamark sem flutt er milli ára.
- ályktar að handfæraveiðar við Íslandsstrendur verði frjálssar.
- vill að handfæraívilnun verði komið á.
- hafnar öllum hugmyndum um að ríkið yfirtaki veiðirétt á fiskimiðum við Ísland.

Greinargerð

Veiðiréttur á fiskimiðum við Ísland hefur aldrei verið eign íslenska ríkisins.

- skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana vegna smáfisks þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að þau hafa verið ákveðin.
- fer þess á leit að handfærabátar sem ítrekað eru staðnir að því að brjóta reglur um hlutfall smáfisks í afla skulu sæta viðurlögum, í stað þess að öllum bátum á veiðislóðinni sé refsað með skyndi- og reglugerðarlokunum.
- fagnar ákvörðun sjávarútvegsráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/2009 um friðað hólfa á Fljótagrunni fyrir handfæraveiðum (Sverrihólfið).
- fagnar ákvörðun sjávarútvegsráðherra að setja reglugerð nr. 780/2015 sem tryggir bann við dragnótaveiðum á Skagafirði og Húnaflóa til 31. ágúst 2017.
- vill að byrjunartími snurvoðarbáta sé áfram 1. september í Faxaflóa.
- skorar á að Hafró afli upplýsinga um það magn og tegundir af fæðu sem makríllinn tekur til sín á grunnslóð þann tíma sem hann dvelur í íslenskri landhelgi.
- leggur til að leyft verði að landa lúðu sem meðafla, án þess að andvirðið fari að 80% í Hafró.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að færa reglur um VS-afla til fyrra horfs þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.
- leggur til að útgerðaraðila sé heimilt að ráðstafa VS-afla til styrktar líknarsamtökum.

Veiðigjöld og eftirlitskostnaður

Aðalfundur LS:

- mótmælir þeim miklu álögum og gjöldum sem smábátaútgerð sætir, svo sem í formi veiðigjalda og alls kyns eftirlits og þjónustukostnaðar. Stór aukinn kostnaður síðustu ára ásamt óskilvirkri regluverki hefur rýrt rekstrarhæfi margra útgerða. Þessi gjöld eru orðin útgerðum mjög íþyngjandi.
- skorar á stjórnvöld að breyta lögum um veiðigjald þannig að útgerðum án vinnslu verði veittur afsláttur af gjaldinu.
- vill að athugað verði hvort ekki sé möguleiki á útboði / tilboði fyrir félagi í LS í hinar ýmsu skoðanir sem smábátæigendum er skylt að framkvæma á bátum sínum.
- fer fram á að færabátar sæti ekki veiðigjaldi á makríl.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir að hluti tekna af veiðigjaldi verði varið til markaðssetningar sjávarafurða.
- krefst þess að veiðigjöld krókabáta verði lækkuð þar sem þeir hafa einungis heimild til að veiða með línu eða handfærum.

Vigtarmál

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að einfalda vigtarreglur og framkvæmd á vigtun bolfiskafla, en gera engar breytingar nema tryggt sé að þær auki gæði frá því fiskur er veiddur og þar til hann er kominn á disk neytenda.

Öryggismál

Aðalfundur LS:

- þakkar þá miklu öryggisgæslu sem Vaktstöð siglinga veitir sjófarendum. Fundurinn telur að þau tæki sem um borð eru séu góð viðbót við öryggi sem býr í bát og skipstjóra. Það er mat fundarins að bilun tækja í dagróðrum strandveiða eigi ekki að þýða endalok sjóferðar.

- skorar á stjórnvöld að tryggja að langdrægri AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta.
Því er harðlega mótmælt að farsvið smábáta sé takmarkað við ástand og ásigkomulags AIS eftirlitskerfisins eins og það er á hverjum tíma.
- skorar á Samgöngustofu að gefa ekki út mælibréf / haffærisskírteini fyrr en tryggt er að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. LS beinir því til bátaeigenda að ganga úr skugga um að nöfn báta þeirra séu rétt skráð í AIS kerfinu.
- beinir því LS að skoða hvort tilefni sé að auka öryggi smábáta með notkun vökustaura.

Fiskmarkaðir

Aðalfundur LS telur brýnt að tryggð verði virkari verðmyndun á fiski m.a. með því að tryggja með reglum aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum.

Umhverfi

Aðalfundur LS:

- skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka á nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.
- lýsir ánægu með að stjórnvöld skuli hafa brugðist við og hlutast til um að Eyjafjörður verði hreinsaður af aflögðum búnaði og línunum sem áður tilheyrðu fisk- og kræklingaræktendum á svæðinu.
- mótmælir harðlega staðsetningu á fyrirhuguðu 8.000 tonna laxeldi Norðanlax í Eyjafirði. Fyrirhuguð staðsetning fiskeldisins liggur í og við Bakkaál, sem er mjög mikilvæg veiðislóð fyrir smábáta sem stunda línuveiðar í Eyjafirði. Ljóst er að með þeim fiskeldisáformum sem fyrirhugaðar eru mun verða gengið harkalega á rétt sjómanna sem nýtt hafa umrædda veiðislóð árum saman. Jafnframt er óljóst hver áhrifin af stórfelldu fiskeldi verða á lífríki Eyjafjarðar og þá nytjastofna sem þar eru

Drangey – smábátafélag Skagafjarðar

Aðalfundur LS samþykkir umsókn Drangeyjar – smábátafélags Skagafjarðar dagsetta 8. júní 2015 um að félagið verði fullgilt svæðisfélag innan Landssambands smábátæigenda.

Grásleppunefnd LS 2015 - 2016

Frá Austurlandi og Fonti

Birgir Ingvarsson, Bakkafirði

til vara: Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra.

Frá Kletti

Andri Viðar Víglundsson, Ólafsfirði

til vara: Þórður Birgisson, Húsavík.

Frá Eldingu

Hafþór Jónsson, Patreksfirði

til vara: Bæring Gunnarsson, Bolungarvík.

Frá Reykjanesi

Haukur Einarsson, Reykjavík.

Frá Reykjavík

Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði.

Frá Snæfelli

Valentínus Guðnason, Stykkishólmi.

Frá Skalla

Guðmundur R Guðmundsson, Drangnesi

til vara: Hilmar Zophaniasson, Siglufirði.

Stjórn Landssambands smábátæigenda 2015 - 2016

Halldór Ármannsson formaður Reykjanesbæ
Þorvaldur Garðarsson varaformaður Þorlákshöfn

Elvar Örn Unnsteinsson	Hornafirði
Friðþjófur Jóhannsson	Barðaströnd
Guðlaugur Gunnarsson	Ólafsvík
Jóel Andersen	Vestmannaeyjum
Jón Höskuldsson	Álftanesi
Ketill Elíasson	Bolungarvík
Már Ólafsson	Hólmavík
Oddur V. Jóhannsson	Vopnafirði
Ólafur Hallgrímsson	Borgarfirði
Óttar Már Ingvason	Akureyri
Rögnvaldur Einarsson	Akranesi
Steinn Rögnvaldsson	Hrauni á Skaga
Þorlákur Halldórsson	Grindavík
Þorvaldur Gunnlaugsson	Kópavogi

Félagslegir skoðunarmenn ársreiknings

Gísli Ólafsson	Grundarfirði
Sigfús Jóhannesson	Grímsey